

## DAGS

19.06.2023

## TIL

Vigdís Sigurðardóttir,  
fagsviðstjóri fiskeldis

## FRÁ

Guðmundur Ólafsson, Arctic  
Smolt ehf.

## Athugasemdir við skoðunarskýrslu

## 1. Um fullyrðingar um líkur á að fiskur hafi farið í Botnsá.

Í skýrslunni stendur: „Ljóst er að töluvert ferskvatn er fyrir utan stöð og líkur á að seiði hafi lifað af og synt upp í Botnsá enda langur tími frá strokatburði þar til net voru lögð“

Arctic Fish er ósammála þessari fullyrðingu MAST og telur mjög litlar líkur á að einhver fiskur hafi lifað af og komist upp í Botnsá.

- Fiskurinn hefur farið í gegnum erfiða ferð sem byrjaði í miklum þrengslum í útrennslisboxinu áður en hann fór út úr kerinu.
- Hann fellur á gólfið þar sem hann er ekki lengur í vatni og byrjar að þorna upp.
- Síðan fer hann í gegnum niðurfallskerfið og er allan tímann ekki almennilega á kafi í vatni.
- Hitamunur (og seltustig) hefur einnig neikvæð áhrif á veikburða fiskinn.
- Þessi fiskur er 40 grömm meðalþyngd og ekki smoltaður.

Allt þetta þýðir að fiskurinn er mjög veikburða þegar hann kemur út.

Einnig á þessum tíma var fjara klukkan 02:20 um nóttina sem þýðir að svæðið í kringum útrásina var að mestu þurrt, sem gefur fiskinum enn minni möguleika á að lifa af eða synda í burtu.

Við höfum einnig tekið eftir að dánartíðni í keru A1 jókst eftir atburðinn, líklega vegna þess að fiskur sem var ennþá á lifi var settur aftur í keru af gólfinu. En dauðum fisk var safnað saman af gólfinu í kassa. Keruð var síðan hreinsað aftur og dauðir fiskar fjarlægðir úr kerinu.

Að synda upp ána og fara í gegnum smoltunar ferlið er erfitt verk fyrir heilbrigðan fisk og aðeins 2% þeirra viltu fiska sem fara í hafið komast aftur til að hrygna. Það tekur heilbrigðan fisk tíma að gera þetta, en þessi fiskur sem komst út er ekki í heilbrigðu ástandi, aðeins 40 grömm meðalþyngd og ekki smoltaður.

Við teljum því að þessi fullyrðing um að líkur á að fiskur hafi synt upp ána verði að teljast sem vangaveltur.

## 2. Um fullyrðingar um saltlaust vatn

Í skýrslunni stendur: „Á þessum tíma var fjara og reyndist vatn þá vera án salts á öllu svæðinu. Síðar sama dag mættu eftirlitsmenn á aðfalli og athuguðu seltustig og reyndist vatn enn vera án salts í grennd við stöð enda Botnsá í vorleysingum og vatnsmagn mikið í ánni“.

Hefur MAST skjalfestar mælingar til að sanna seltumagn á svæðinu ?

Samkvæmt okkar vitneskju framkvæmdu MAST engar almennilegar mælingar á seltu, til dæmis með seltumæli. Okkar eigin mælingar sýna seltu bæði við fjöru og flóð á svæðinu, en með hærra seltustigi við flóð. Við viljum einnig leggja áherslu á að við fjöru þornar svæðið verulega upp og möguleikar fisks til að lifa af eru takmarkaðir þegar hann lendir í fjörunni og kemst svo í snertingu við saltvatn við hækkanði flóð. Því telur félagið MAST geti ekki staðið við þessa fullyrðingu og dregur hana í efa.

**Um fullyrðingar um seinni varnir í frárennsli**

Í skýrslunni stendur: „Matvælastofnun telur ljóst að fiskeldisstöð sé ekki útbúin með seinni vörnum í frárennsli úr niðurföllum á gólfi og seiði hafi því átt greiða leið úr stöðinni.

Við erum með seinni vörn til staðar í gólfi en ljóst að þessi vörn þarnast endurbóta eftir þennan atburð.

Eftirfarandi varnir eru til staðar

- fyrstu vörn í kerjunum,
- aðra í niðurföllum á gólfi,
- þriðju í vatnsmeðhöndlunarsíunni.

Við teljum ekki rétt að fullyrða að fiskurinn hafi átt greiðaleið út þar sem meirihluti þess fisk sem endaði á gólfinu komst ekki út. Eins og fram hefur komið virkaði seinni vörn í niðurfalli eins og skildi en úr því verður bætt.